



Skólanámskrá Kvíslarskóla
2024 - 2025



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| 1. Inngangur | 3 |
| 2. Saga skólans | 4 |
| 3. Stefna Kvíslarskóla | 4 |
| 4. Grunnþættir menntunar | 6 |
| 5. Markmið náms og tilhögun kennslu | 7 |
| Upplýsingar um tilhögun kennslu | 7 |
| 6. Stoðþjónusta | 8 |
| Móttökuáætlun | 9 |
| Móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku | 9 |
| Innritun: | 10 |
| Undirbúningur viðtals: | 10 |
| Móttökuviðtal: | 10 |
| Heimsókn í skólann | 10 |
| Stöðumat..... | 11 |
| 7. Námsmat | 11 |
| 8. Um mat á árangri og gæðum skólastarfsins | 11 |
| 9. Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun | 12 |
| Foreldrafélag Kvíslarskóla | 12 |
| Bekkjarfulltrúar | 13 |
| 10. Samstarf við nærumhverfi og önnur skólastig..... | 13 |
| Skólaráð | 13 |
| Samstarf við framhaldsskóla | 13 |
| Hlutverk skólasamfélagsins..... | 14 |
| Nemendur | 14 |
| Foreldrar | 14 |
| 11. Skólapúlsinn og Ungt fólk..... | 14 |
| 12. Samskiptavandi og einelti | 15 |
| Grunur um einelti - úrvinnsluferli | 15 |
| 13. Áætlanir Kvíslarskóla..... | 16 |

1. Inngangur

Skólanámskrá Kvíslarskóla er í þremur hlutum, það eru Almennar upplýsingar, [Starfsáætlun](#) og [kennsluáætlanir námsgreina](#).

Í hlutanum **Almennar upplýsingar** birtist stefna skólans. Þar má finna heildarskipulag og útfærslu skólans á ákvæðum Aðalnámskrár grunnskóla. Hér eru upplýsingar um starfsemi skólans frá stofnun hans: stefnu og gildi skólans; kennsluhætti, almenn markmið náms og námsmat; innra mat á árangri og áætlanir um umbætur og þróunarstarf; samstarf heimila og skóla og upplýsingamiðlun.

Í **starfsáætlun** eru birtar áætlanir sem eiga við einstök skólaár, svo sem skóladagatal, umbótaáætlanir, stjórnskipulag og upplýsingar um starfsfólk skólans.

Kennsluáætlanir námsgreina eru birtar á heimasíðu skólans og tengdar viðeigandi árgöngum. Í þeim er gerð grein fyrir hvernig unnið er með grunnþætti menntunar í námsgreinum og í samþættu námi.

Hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Fjöldi nemenda í Kvíslarskóla veturinn 2024 - 2025 eru 68 nemendur í 7. bekk, 103 nemendur í 8. bekk, 82 nemendur í 9. bekk og 106 nemendur í 10. bekk. Kennsla fer fram í nýendurgerðum skólanum en framkvæmdum úti lýkur á haustönn.

Kvíslarskóli er [Uppbyggingarskóli](#) og unnið er markvisst í öllum árgöngum að uppbyggingu sjálfsaga, samkennd og skilningi á mannlegri hegðun. Stefnan um *Uppeldi til ábyrgðar* er innleitt inn í alla árganga skólans. Í vetur verður lögð áhersla á [Leiðsaqnarnám](#) þar sem lært verður út frá markmiðum og hæfniviðmiðum.

2. Saga skólans

Skólinn tók fyrst til starfa árið 1972 og hét þá Gagnfræðaskóli Mosfellssveitar eða Gaggó Mos eins og flestir Mosfellingar þekkja. Um áramót 2000 -2001 var skólinn sameinaður Varmárskóla og starfaði sem heildstæður skóli fram að hausti 2021. Skólastigunum var svo aftur skipt upp árið 2021. Yngri deildin hélt nafninu Varmárskóli en eldri deildin hlaut nafnið Kvíslarskóli.

Skólastjóri Kvíslarskóla er Þórhildur Elfarsdóttir en fyrrum skólastjórar eru:

Gylfi Pálsson 1972 - 1991

Ragnheiður Ríkhardsdóttir 1991 – 2000

Viktor Guðlaugsson 2000 - 2007

Þórhildur Elfarsdóttir 2007 -

3. Stefna Kvíslarskóla

Stefna Kvíslarskóla byggir á lögum um grunnskóla, Aðalnámskrá grunnskóla og [Menntastefnu Mosfellsbæjar](#). Þá liggja einnig til grundvallar niðurstöður úr vinnu starfsfólks, foreldra og nemenda um mikilvæg gildi í skólastarfinu.

Í grunnskólalögum segir um markmið og hlutverk grunnskóla:

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu móttast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Í Aðalnámskrá grunnskóla kafla 1.2 er tekið fram að skólar skulu bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni og starfshætti til að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda og stuðla að

þroska þeirra og velferð. Að námsgreinar eigi ekki að vera markmið í sjálfu sér heldur hjálpartæki til að stuðla að merkingarbæru námi og ná markmiðum skólastarfsins. Þar er einnig tekið fram að menntun er ævilangt ferli og ítrekað hversu mikilvægt er að skólarnir styðji við námshvöt nemenda sinna, rækti námsgleði og vinnuanda og stuðli þannig að menntun þeirra.

Í [Menntastefnu Mosfellsbæjar](#) eru settar fram þrjár meginstoðir sem skólastarf skal byggja á. Þær eru **vöxtur, fjölbreytni og samvinna**. Niðurstöður frá nemendabingi sem haldið var í september 2021 komu þessi gildi fram **Virðing, þrautseigja og ábyrgð** og hefur starfsfólk Kvíslarskóla sameinast um þessi gildi ásamt gildum Mosfellsbæjar sem eru Virðing, umhyggja, jákvæðni og framsækni. Starfsfólk skólans hefur þessa þætti í huga við skipulag allra kennslustunda og í öllum samskiptum okkar.

Á grundvelli þessarar vinnu og gagna er eftirfarandi sett fram sem stefna Kvíslarskóla:

Stefna Kvíslarskóla tekur mið af lögum, reglugerðum, alþjóðasamþykktum, stefnu Mosfellsbæjar í fræðslumálum og félagslegu umhverfi skólans. Nemendum skal tryggt jafnrétti til náms án tillits til kyns, þjóðernis, stéttar, stöðu og trúarbragða.

Í skólanum er lögð áhersla á hugarfar, virðingar, þrautseigju og ábyrgðar. Markmið skólans er að auka þekkingu og leikni nemenda og gera þá að farsælum og sjálfstæðum einstaklingum. Einstaklingum sem hafa trú á eigin getu og takast óhræddir á við nýja hluti til að finna hæfileikum sínum og hæfni farveg. Kvíslarskóli leggur sig fram um að viðhafa fjölbreytta náms- og kennsluhætti þar sem allir hafa jafnan aðgang að lærdómsferlinu. Lögð er áhersla á að varða leið nemenda í námi, vinna með reynsluheim og hvetja til samvinnu, virðingar, þrautseigju og ábyrgðar. Kvíslarskóli er vinnustaður fyrir hugmyndafræði og skapandi starfsfólk sem sýnir metnað í starfi, ber hag nemenda fyrir brjósti og leggur sig fram um að sinna þörfum hvers og eins.

Einkunnarorð skólans eru: virðing, þrautseigja og ábyrgð. Einnig er unnið eftir hugmyndafræði *Uppeldi til ábyrgðar*. Uppeldi til ábyrgðar felst meðal annars í því að sýna vinsemd og virðingu, horfa til nútíðar og framtíðar, tengja líðan á líkama og sál við hugsun, orð og gerðir, hlusta ekki á neinar afsakanir fyrir óábyrgri hegðun og forðast að refsa og gagnrýna.

Þessar áherslur endurspeglast í öllum samskiptum og starfi skólasamfélagsins. Til að svo megi verða hefur skólasamfélagið komið sér saman um eftirfarandi stefnumörkun:

Virðing

Virðing felst í góðum skólabrag þar sem gleði, traust, vinsemd og jafnrétti endurspeglast í daglegum samskiptum. Í Kvíslarskóla mætum við ávallt hvort öðru með virðingu, þó að við séum ólík, af ólíkum uppruna, með mismunandi skoðanir og í ólíkum hlutverkum. Við erum öll mikilvæg og nám okkar og störf skipta máli. Við sýnum umhverfi okkar, námi, verkum og eigum okkar og annarra virðingu. Við temjum okkur að tala ávallt vel um annað fólk og okkur sjálf.

Þrautseigja

Í Kvíslarskóla er lögð áhersla á þrautseigju. Þrautseigja gengur almennt út á að gefast ekki upp þó á móti blási. Það sem einkennir nemendur sem hafa byggt upp þrautseigju er að þeir eru sjálfsöryggir, hafa trú á eigin getu og líta jákvæðum augum á lífið. Þeir eru einnig ábyrgðarfullir, sjálfstæðir og ákveðnir í að ná markmiðum sínum. Þrautseigja hjálpar nemendum að takast á við mótlæti og vandamál með jafnaðargeði og hjálpar þeim að ráða

við neikvæða þætti í lífi sínu. Þannig leggjumst við á eitt við að útskrifa, farsæla og sjálfstæða nemendur með þrautseigjuna að leiðarljósi.

Ábyrgð

Nemendur eru hvattir til að bera ábyrgð á námi sínu, hafa áhrif á það, vita hvar þeir eru staddir, hvert þeir vilja stefna og hvað er góður árangur. Leiðsagnarnám styður ið þessa þætti. Í skólanum er stuðlað að hugarfari vaxtar þar sem lögð er rækt við hæfileika og að efla færni og ábyrgð í námi, leik og starfi. Áhersla er á framfarir, símat og leiðsagnarmat með markvissri uppbyggjandi endurgjöf. Nemendum er leiðbeint um að bera ábyrgð á hegðun sinni og framkomu með því að sýna vinsemd og virðingu í samskiptum.

Styrkur skólans felst fyrst og fremst í fjölbreytilegum nemendahóp, metnaðarfullu starfsfólki og öflugum foreldrasamfélagi.



4. Grunnþættir menntunar

Úr Aðalnámskrá:

Í almennum hluta aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011 er í fyrsta sinn gerð grein fyrir sex grunnþáttum í íslenskrí menntun. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir ná til starfshátta, inntaks og námsumhverfis og eiga að stuðla að samfelli í skólakerfinu. Allir eiga þeir sér stoð í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, hver með sínum hætti, og skulu allir speglast í daglegum verkum nemenda og kennara.

Allt starfsfólk skólans þarf reglulega að íhuga eigið starf með hliðsjón af hugmyndum um grunnþætti menntunar. Jafnframt er lögð áhersla á að val viðfangsefna endurspegli grunnþættina og þá lykilhæfni sem skilgreind hefur verið í aðalnámskrá. **Þessi atriði birtast í kennsluáætlunum allra námsgreina í Kvíslarskóla**

5. Markmið náms og tilhögun kennslu

Markmið náms í grunnskóla eru skilgreind í Aðalnámskrá. Þau eru margþætt og snúa að almennri samfélagslegri þekkingu, sjálfsþekkingu og grunnþekkingu í ýmsum námsgreinum. Markmið í almennri samfélagslegri þekkingu eru ekki skráð með formlegum hætti en unnið er að þeim meðal annars með umræðum um lykilatriði í samskiptum fólks og málefni líðandi stundar.

Markmið með kennslu í sjálfsþekkingu birtast meðal annars í kennsluáætlunum í lífsleikni og koma jafnframt fyrir í mörgum öðrum námsgreinum. Nemendur læra að vinna með öðrum, beita sjálfs- og jafningjamati og vinna með uppbyggilega gagnrýni. Þessi markmið eru tengd skilgreindri lykilhæfni aðalnámskrár grunnskóla.

Í Aðalnámskrá eru einungis skilgreind viðmið fyrir mat á lykilhæfni við lok grunnskóla og því fer ekki fram lokamat á hæfni í þessum þáttum fyrr en við lok 10. bekkjar.

Allar kennsluáætlanir hefðbundinna námsgreina eru tengdar metanlegum hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá. Markmið eru ýmist valin fyrir heila árganga, hópa eða einstaklinga. Kennsluáætlanir hópa og einstaklinga eru birtar á mentor.is og á heimasíðu skólans.

Upplýsingar um tilhögun kennslu

Kennsla hefst klukkan 8:30 á morgnana og lýkur kl. 14:00 en þá taka við valáfangar. Frímínútur eru einu sinni að morgni og hádegishlé frá kl. 12:10 - 12:40. Kennarar og stuðningsfulltrúar sinna einnig gæslu í frímínútum og í matsal.

Nemendur fá stundatöflur þar sem fram kemur hvaða daga þeir eru í íþróttum, sundi, list- og verkgreinum og öðrum greinum.

Umsjónarkennarar hvers árgangs vinna saman í árgangateymum. Í Kvíslarskóla er faggreinakennsla sem þýðir að fagkennarar eru ábyrgir fyrir kennslu hvernar námsgreinar. Hver bekkur hefur sinn umsjónarkennara þar sem umsjónarkennari hittir bekkinn sinn a.m.k. einu sinni í viku. Kynjaskipt er í sundi í 9. og 10. bekk.

Nemendur á unglíngastigi eru 37 kennslustundir á viku í skólanum. Nemendur í 7. bekk eru 35 kennslustundir á viku.

Námsgreinar nemenda skiptast í kjarna og frjálst/bundið val. Í kjarnanum eru íslenska, stærðfræði, enska, danska, náttúrufræði, samfélagsfræði, íþróttir, sund, list, verk og tæknigreinar ásamt einum umsjónartíma. Þá er 10. bekkur eina kennslustund á viku í náms- og starfsfræðslu hjá náms- og starfsráðgjafa. Kjarninn telur 35 kennslustundir í 8. bekk, 32

kennslustund í 9. bekk og 31 kennslustundir í 10. bekk. Frjálst val eru tvær til fjórar kennslustundir þannig að kennslustundir verða alls 37 á viku hjá 8. – 10. bekk.

Skólaíþróttir og sund

Nemendur fá þrjár kennslustundir í íþróttum á viku, einn sundtíma og tvo íþróttatíma. Sundkennslan byggir á að auka færni nemenda jafnt og þétt með hverju ári og byggja ofan á þá færni sem komin er. Kennslan er einstaklingsmiðuð og byggð á leiðsagnarnámi. Lögð er áhersla á að koma til móts við nemendur þar sem þeir eru staddir og veita þeim viðeigandi stuðning.

Íþróttakennslan fer fram að Íþróttamiðstöðinni að Varmá. Þar er aðstaða og aðbúnaður með því besta. Einnig er aðstaða utandyra og náttúran í nágrenni Kvíslarskóla nýtt til fjölbreyttrar kennslu á haustin og vorin. Nemendur fá kynningu og kennslu í öllum íþróttagreinum. Áhersla er á grunnþjálfun, þrek og styrk, hreyfifærni ásamt því að vinna með þol á margvíslegan hátt.

6. Stoðþjónusta

Farsældarhringurinn er samþætting þjónustu í þágu farsældar barna og er þrepaskiptur stuðningur í kerfum Mosfellsbæjar. Nánar um [nýtt vinnulag hér](#):

Í Kvíslarskóla er lögð áhersla á að mæta þörfum fjölbreytts nemendahóps eins vel og hægt er. Í námsverunum *Gerplu*, *Heimsljósi* og *Atómstöð* er tekið á móti nemendum sem þurfa á stoðþjónustu að halda til lengri eða skemmri tíma.

Stoðþjónustan fer eftir þörf hvers nemenda fyrir sig.

Stuðningsfulltrúar í árgöngum aðstoða ýmist nemendur með mikil frávik í þroska eða eru til almennrar aðstoðar. Markmið slíks stuðnings er ávallt að efla sjálfstæði nemenda og gera þá færa um að takast á við athafnir daglegs lífs.

Nemendur sem þurfa viðbótar stuðning til að geta fylgt almennum viðmiðum árgangansins, þeir fá þá aukin stuðning inni í sínum bekk hjá stuðningsfulltrúa eða sækja stoðkennslu í námsveri. Þeir nemendur fylgja Aðalnámskrá grunnskóla en fá námsefnið aðlagð eftir þörf.

Nemendur sem víkja verulega frá í þroska á einhverjum sviðum og vinna ekki samkvæmt sömu hæfniviðmiðum/markmiðum og nemendur árgangansins. Fyrir þá nemendur er gerð einstaklingsnámskrá í samstarfi við foreldra. Námskráin tekur til þátta sem flokkast sem athafnir daglegs lífs, félags- og samskiptafærni og almennir námsþættir. Í kringum þá nemendur eru einnig starfandi stuðningsteymi.

Nemendur sem þurfa sérstakan stuðning til að bæta íslenskukunnáttu sína t.d. nemendur af erlendum uppruna fá sérstaka íslensku kennslu sem er íslenska sem annað tungumál (ÍSAT nemendur). Unnið er út frá hæfniviðmiðum *íslensku sem annað tungumál*.

Nemendur sem eiga íslenska foreldra en hafa búið lengi erlendis (snúbúar) geta einnig fengið auka íslenskukennslu til að eflast í íslenskri málfræði og orðaforða.

Deildarstjóri stoðþjónustu sér um skipulag og samskipti við foreldra og skólaþjónustu Mosfellsbæjar.

Móttökuáætlun

- Deildarstjóri stoðþjónustu hefur umsjón með móttöku nemenda með sérþarfir. Deildarstjóri hittir foreldra og nemanda ásamt sérkennara og væntanlegum umsjónarkennara þar sem farið er yfir einstaklingsbundnar þarfir nemandans.
- Þegar upplýsinga hefur verið aflað er farið yfir málefni nemandans og rætt hvernig skólinn tekur á móti nemandanum.
- Boðaður er fundur með foreldrum sem fyrst þar sem rætt er skipulag náms og kennslu sem og annan sértækan stuðning.
- Skipað er teymi fyrir nemandann sem að koma foreldrar, umsjónarkennari, sérkennari, deildarstjóri stoðþjónustu og fulltrúi frá fræðsluskrifstofu, ef við á. Teymið fundar á 6-8 vikna fresti yfir skólaárið.
- Umsjónarkennari og skólastjórnandi sjá um að koma upplýsingum um nemandann til allra þeirra sem koma að kennslu hans í skólanum.

Samstarf um skipulag kennslunnar, einstaklingsáætlanir og fleira.

- Umsjónarkennari ber ábyrgð á skipulagningu námsins í samstarfi við sérkennara, foreldra barnsins og barnið sjálft, eftir því sem aðstæður leyfa.
- Umsjónarkennari og sérkennari bera sameiginlega ábyrgð á gerð einstaklingsáætlunar eða einstaklingsnámskrár þar sem tekið er mið af þroska og stöðu viðkomandi nemenda, óskum foreldra og mati starfsfólks á hverjum tíma.
- Í einstaklingsáætlunum skulu koma fram námsmarkmið, námsaðstæður, námsefni, námsmat og aðrar aðstæður í skólanum s.s. frímínútur og matartími.
- Kennslan getur farið fram með eða án stuðnings í almennum bekk, sérkennslu í litlum hópi og/eða í einstaklingskennslu utan bekkjar.
- Námsmat segir hvernig nemanda tekst að mæta markmiðum einstaklingsnámskrár og örva nemendur til framfara.
- Vitnisburður getur verið skrifuð umsögn og bókstafir um hæfniviðmið. Umsögn þarf að fylgja með til hvatningar og stuðnings.

Móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku

Móttökuáætlun nemenda af erlendum uppruna er byggð á áætlun Skv. kafla 7.13 um móttöku nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Í Aðalnámskrá segir að ".Leggja skal fyrir stöðumat á þessum þáttum á sterkasta tungumáli nemandans." Unnið er með verkferla frá *Miðju máls og læsis* <https://mml.reykjavik.is/bruarsmidi/>.

Innritun:

- Foreldrar nemanda óska eftir viðtali við skólastjórnanda vegna komu nemandans í skólann.
- Foreldrar innrita nemanda á íbúagátt Mosfellsbæjar: <https://mos.is/ibuar/born-og-ungmenni/grunnskolar#umsoknir>
- Foreldrum er bent á upplýsingabækling frá Stjórnaráðinu sem er aðgengilegur á heimasíðu sjá hér: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stokfrett/2007/10/18/Fyrstu-skrefin-eru-komin-ut-a-tiu-tungumalum/>

Undirbúningur viðtals:

Deildarstjóri stoðþjónustu pantar túlk sem situr viðtalið, ásamt móttökukennara fyrir nemendur með annað mál en íslensku, umsjónarkennara og foreldrum.

- Farið er yfir drög að fyrirkomulagi náms nemandans fyrstu vikurnar.
- Önnur almenn atriði sem snúa að skólagöngu eins og upplýsingum um mötuneyti, nestismál, skóladagatal, Íþróttir og sund; staðsetning, fatnaður, reglur varðandi sturtu og mætingar o.fl.
- Ákveðið hvenær nemandinn byrjar í skólanum
- Umsjónarkennari undirbýr nemendur fyrir komu nýs nemanda

Móttökuvíðtal:

- Foreldrum afhent upplýsingaeyðublað sem þeir fylla út með aðstoð túlks en þar eru skráðar bakgrunnsupplýsingar um nemandann.
- Deildarstjóri kynnir þá þjónustu sem nemandanum stendur til boða í skólanum og hvernig móttöku hans verði háttað.
- Farið er yfir gögn um nemandann
- Foreldrum veittar upplýsingar um önnur mál sem snúa að skólagöngu
 - Skóladagatal, farið yfir þá daga sem ekki eru hefðbundnir skóladagar og ýmislegt fleira
 - Símanúmer skólans, heimasíða og netföng kynnt
 - Stoðþjónusta skólans
 - Skólareglur og mætingaskyldu
 - Samstarf heimilis og skóla
 - Umsjónarkennari og skólastjórnandi sjá um að koma nauðsynlegum upplýsingum um nemandann til allra þeirra sem koma að kennslu hans í skólanum.
 - Ritari sendir tölvupóst á alla starfsmenn skólans þar sem vakin er athygli á að nýr nemandi hafi hafið nám við skólann.

Heimsókn í skólann

Skólinn boðar nýnema og foreldra/forsjáraðila hans í heimsókn þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna sér skólahúsnæði og hitta starfsfólk skólans.

Stöðumat

Samkvæmt Aðalnámskrá skal kanna námslega stöðu nemenda meðal annars á sterkasta tungumáli hans. Námsáætlun nemandans byggir á því mati. Markmiðið með kennslunni er að nemendur læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í skólanum með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Nemendur fylgja hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í tvö til fjögur ár. Eftir það fylgja þeir aðalnámskrá í íslensku samkvæmt aldurstengdum viðmiðum.



7. Námsmat

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa.

Allar námsgreinar grunnskólans eru tengdar mælanlegum hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá. Símat er í öllum námsgreinum og verið er að innleiða leiðsagnarmat. Skólinn tekur þátt í lesfimiþrófum Menntamálastofnunar þrisvar á ári þau fara fram í september, janúar og maí.

Skriflegt námsmat er gefið með eftirfarandi táknum: A, B, B+, C, C+ og D.

Foreldrar og nemendur fylgjast með framvindu náms á Mentor þar sem námsmat birtist þegar tiltekin hæfniviðmið hafa verið metin. Þar eru kennsluáætlanir einnig birtar.



8. Um mat á árangri og gæðum skólastarfsins

Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólarnir framkvæma og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat. Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna og ungmenna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum.

Í vinnu við innra mat í Kvíslarskóla er meðal annars stuðst niðurstöður úr árlegum starfsmannasamtölum og könnunum sem gerðar eru á líðan nemenda og viðhorfum foreldra til skólastarfsins. Kvíslarskóli vinnur nú með niðurstöður úr ytra mati og skilar lokaskjali að vori 2024. Á grundvelli umbótaáætlunar hvers árs eru sett starfsmarkmið sem birt eru í starfsáætlun skólans.

Stjórnendur skólans leggja einnig áherslu á að horfa inn á við og íhuga eigið starf og stjórnunarhætti með hliðsjón af hugmyndum um grunnþættina, hlutverk námsgreina eða námssviða, samvinnu starfsfólks, möguleika nemenda, náms- og kennsluhætti, velferð og líðan, leik og sköpunargleði, skólamenningu, nærsamfélag skóla og skapandi skólastarf.



9. Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun

Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Tvisvar á ári eru formleg viðtöl foreldra, nemenda og kennara til að ræða líðan og námsframvindu nemenda. Að auki hafa kennarar og foreldrar samband eftir þörfum.



Foreldrafélag Kvíslarskóla

Samkvæmt 9. gr. grunnskólalaga 91/2008 skal starfa foreldrafélag við grunnskóla á að vera starfandi foreldrafélag við hvern skóla. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og aðstoðar félagið eftir þörfum. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið félagsins er að vera samstarfsvettvangur foreldra og starfsfólks í skólanum auk þess að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunar skilyrði. Félaginu er ætlað að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál ásamt því að standa vörð um réttindi nemenda til aukins þroska og menntunar.

Stjórn Foreldrafélags fundar með stjórnendum skólans að lágmarki tvisvar á hverri önn og oftast ef verkefni krefjast.

Bekkarfulltrúar

Ár hvert eru skipaðir tveir bekkjarfulltrúar í öllum bekkjardeildum. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar og árgangs. Bekkarfulltrúar eru tengiliðir bekkjarins við stjórn foreldrafélagsins, skólaráð, skólastjórnendur og umsjónarkennara.



10. Samstarf við nærumhverfi og önnur skólastig

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð skv. 8 gr. grunnskólalaga 91/2008 sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans. Þegar fyrirhugaðar eru miklar breytingar á skólalaldi sendir skólaráð frá sér umsögn um málið áður en endanleg ákvörðun er tekin. Skólaráð hefur það hlutverk einnig að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Ráðið er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, þessir aðilar eru:

- Tveir fulltrúar kennara
- Einn fulltrúi annars starfsfólks
- Tveir fulltrúar nemenda
- Tveir fulltrúar foreldra
- Skólastjóri
- Einn aðili úr grenndarsamfélagi

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Auk þess ber honum að boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags skólans a.m.k. einu sinni á ári.

Skólaráð Kvíslarskóla fundar fjórum sinnum á ári.

Sjá starfsáætlun og fundargerðir skólaráðs: <http://kvislarskoli.is/skolinn/skolarad/>

Samstarf við framhaldsskóla

Á haustönn er venjan að nemendur í 10. bekkjum fari í heimsókn í Framhaldsskólann í Mosfellsbæ þar sem að þeir fá kynningu á skólanum og starfsemi hans. Borgarholtsskóli kemur jafnframt á vorönn með kynningu fyrir 10. bekki. Náms- og starfsráðgjafar eru í góðu samstarfi við framhaldsskóla og aðstoða nemendur sem eru að ljúka 10. bekk með val á námi í framhaldsskólaFræðsla um nám að loknum grunnskóla fer fram í náms – og starfsfræðslutímum hjá náms og starfsráðgjafa og í einstaklingsviðtölum.

Hlutverk skólasamfélagsins

Í Aðalnámskrá grunnskóla stendur að stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki beri í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemanda og öryggi að leiðarljósi. Starfsfólki skóla ber að leggja áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi. Lögð er áhersla á að styrkja sjálfsmynd nemenda, efla sjálfsvirðingu þeirra og virðingu gagnvart öðrum, eigum annarra og umhverfinu. Kvíslarskóli byggir starf sitt á stefnunni um *Uppeldi til ábyrgðar* og eru margvísleg verkefn unnin í skólanum í þessum tilgangi sem lýst er nánar hér að neðan. Öllum starfsmönnum ber að grípa inn í ef þeir verða vitni að samskiptavanda.

Nemendur

Hlutverk nemenda er að hafa stjórn og bera ábyrgð á eigin hegðun og framkomu, bera virðingu fyrir öllum og fara eftir þeim reglum sem settar eru.

Nemendur gera bekkjarsáttmála, undir handleiðslu kennara, um samskipti og umgengni og ræða reglulega þýðingu hans fyrir hópinn.

Haldnir eru bekkjarfundir þar sem rætt er um líðan og samskipti.

Foreldrar

Með virku samstarfi heimila og skóla er auðveldara að bregðast við á áhrifaríkan og viðeigandi hátt þegar eitthvað kemur upp og vinna gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Nauðsynlegt er að foreldrar eigi góð og virk samskipti við foreldra félag barna sinna og ræði á jákvæðan hátt við þau um samskipti innan og utan skólatíma. Mikilvægt er að foreldrar séu í góðu samstarfi við starfsfólk skóla ef um samskiptavanda er að ræða.

11. Skólapúlsinn og Ungt fólk

Skólapúlsinn er könnun um líðan í skóla sem lögð er fyrir stærstan hluta nemenda á Íslandi. Annað hvert ár taka nemendur í 7., 8., 9. og 10. bekk þátt í könnun Skólapúlsins um líðan í skóla og árið á móti svara foreldrar könnun um viðhorf til skólans og aðbúnað.

Kannanir á vegum **Rannsókna og greiningar um Hagj og líðan ásamt könnun um vímuefnanotkun** er lögð árlega fyrir nemendur skólans.

Þessar kannanir gefa ákveðnar vísbendingar um samskipti nemenda, líðan þeirra og viðhorf foreldra. Niðurstöður eru notaðar við endurskoðun á verkefnum tengdum samskiptum í viðkomandi árgöngum.

Tengslakannanir eru lagðar fyrir þegar þurfa þykir. Námsráðgjafi hefur umsjón með framkvæmd og úrvinnslu þeirra í samvinnu umsjónarkennara.

Formleg samtöl nemenda, foreldra og umsjónarkennara eru tvisvar á skólaári. Viðtölin eru skipulögð og gjarnan er stuðst við spurningalista.

Samtölin eru til að:

- Efla jákvæð tengsl milli nemenda, kennara og foreldra.

- Fá yfirsýn yfir líðan, framfarir og námslega stöðu nemenda.
- Setja markmið eftir þörfum.

12. Samskiptavandi og einelti

Börn ráða misvel við félagslegar aðstæður og átta sig oft ekki á hvaða áhrif framkoma þeirra hefur á aðra og þá þarf að leiðbeina þeim. Sá sem leggur í einelti er ekki vondur eða illa innrættur, heldur barn sem gerir mistök og þarf aðstoð við að breyta hegðun sinni.

Samskiptavandi er þegar nemendur greinir á eða þeir eiga í útistöðum. Samskiptavandi getur verið undanfari eineltis og því sérlega mikilvægt að leiðbeina og aðstoða nemendur við að leysa sjálfir úr ágreiningi þannig að samskiptafærni þeirra megi þroskast.

Einelti er menningar-og samfélagslegt vandamál fremur en vandamál einstaklinga. Við tölum um einelti þegar einstaklingur verður endurtekið fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti frá einum eða fleiri einstaklingum og á erfitt með að verjast. Einelti er alvarlegasta stig samskiptavanda, þegar síendurtekin hegðun er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður og reka og/eða útskúfa viðkomandi úr samfélagi jafningja.

Einelti og annað ofbeldi er aldrei liðið í Kvíslarskóla. Slík hegðun hefur alltaf afleiðingar. Foreldrar fá tilkynningu og beiðni um samstarf við að leysa úr slíkum málum þannig að gerandi/gerendur geti bætt ráð sitt. Ef ekki næst ásættanleg lausn innan skólans er málum vísað til Fræðslu- eða Velferðarsviðs Mosfellsbæjar til úrlausnar.

Grunur um einelti - úrvinnsluferli

Tilkynningarblað og eineltisáætlun er aðgengileg á heimasíðu <http://kvislarskoli.is/hagnytt/einelti/>.

Allt starfsfólk Kvíslarskóla, nemendur og foreldrar geta tilkynnt grun um samskiptavanda, einelti eða annað ofbeldi. Tilkynningu er skilað til teymisstjóra eineltisteymis eða á skrifstofu skólans sem sér um að koma henni til teymisstjóra.

Skráning og varðveisla gagna: Skrá skal alla fundi og úrvinnslu þegar um einelti eða samskiptavanda er að ræða. Vista skal fundargerðir á drifi í möppu samskiptateymis. Útþrentuð gögn eru varðveitt í skjalaskáp á skrifstofu skólans. Setja skal gögn er varða einstaka nemendur í persónumöppur þeirra til varðveislu.

Á vefsíðu [Miðstöð menntunar og skólabjónustu](#) má nálgast eftirfarandi upplýsingar um eineltismál:

[Saman gegn einelti - Kynningarmyndband um einelti](#)

[Kynningarbæklingur fagraðs á íslensku.](#)

[Kynningarbæklingur fagraðs á ensku.](#)

[Kynningarbæklingur fagraðs á pólsku.](#)

[Upplýsingar um fagrað eineltismála.](#)

13. Áætlanir Kvíslarskóla

Á heimasíðu Kvíslarskóla má finna allar stefnur og áherslur sem skólinn fer eftir:

<http://kvislarskoli.is/hagnytt/aaetlanir/>

Eineiltisáætlun

<http://kvislarskoli.is/hagnytt/einelti/>.

Jafnréttisáætlun skólans

<http://kvislarskoli.is/library/skiol/aaetlanir/jafnrettisaaetlun.pdf>

Neyðaráætlanir Kvíslarskóla

<http://kvislarskoli.is/library/skiol/aaetlanir/neydaraaetlanir.pdf>

[Forvarnaráætlun skólans](#)

Gerð hefur verið áfallaáætlun sem varðveitt er á skrifstofu skólans og hjá stjórnendum. Áætlunina skal yfirfara á hverju hausti.

Við Kvíslarskóla er starfandi áfallaráð. Hlutverk áfallaráðs er að:

- Fara með verkstjórn þegar sorgaratburðir, válegir atburðir eða alvarleg áföll verða meðal nemenda og/eða starfsfólks innan skólans eða í tengslum við hann.
- Standa að fræðslu fyrir starfsfólk um viðbrögð barna og unglunga við áföllum, þó ekki í tengslum við sorgaratburði.
- Sjá til þess að starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum.
- Sjá til þess á hverju hausti að skólinn minni foreldra á að láta skólann vita ef breytingar verða á heimilishögum nemenda, s.s. alvarleg veikindi, skilnaður eða dauðsfall.

Í áfallaráði skólans eru skólastjóri, deildarstjórar, ritari og námsráðgjafi. Taka þarf tillit til þess ef einhver sem sorgaratburður snertir náíð vill ekki frekari íhlutun.

Skólastjóri, eða staðgengill í forföllum hans, er aðalstjórnandi viðbragðsferils. Hann aflar upplýsinga, staðfestir og kemur þeim áfram. Skólastjóri getur kallað ráðið saman þegar þurfa þykir. Ef kennari eða annar starfsmaður fréttir af áfalli í tengslum við skólann kemur hann upplýsingunum til skólastjóra. Áfallaráð er stjórnanda til halds og trausts og aðstoðar hann við að skipuleggja viðbrögð og aðgerðir.

Áfallaráð Kvíslarskóla skólaárið 2023 - 2024 skipa:

Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri, thorhildur.elfarsdottir@mosmennt.is sími 863 3297

Björk Einisdóttir, deildarstjóri og staðgengill skólastjóra, bjork.einisdottir@mosmennt.is sími 6987800

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, deildarstjóri, kolbrun.g.thorsteinsdottir@mosmennt.is sími 6634430

Rut Magnúsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu, rut.magnusdottir@mosmennt.is sími 8622925

Svava Rós Sveinsdóttir, námsráðgjafi. svava.ros.sveinsdottir@mosmennt.is

Ólafur Erling Ólafsson, öryggistrúnaðarmaður. olafur.erling.olafsson@mosmennt.is

Sigrún Eiríksdóttir, ritari. sigrun.eiriksdottir@mosmennt.is

Inga María Hansen, ritari. inga.maria.hansen@mosmennt.is

Thelma Ýr Guðjónsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur kvislarskoli@heilsugaeslan.is

Ráðið getur kallað til aðra aðila eftir þörfum. Ef skólastjóri er fjarverandi gegnir staðgengill hlutverki hans.